



Reglur fyrir leigutaka í samkomusal Hallveigarstaða

Samkomusalur Hallveigarstaða rýmir 80 – 90 gesti í sæti og allt að 110 í standandi boði

Sala á áfengum veitingum er ekki heimiluð í veislusal án viðhlítandi leyfis leigutaka sem sótt er um hjá Sýslumanninum í Reykjavík. Allar veitingar eru á ábyrgð leigutaka.

Innifalið í leigu á veislusalnum er kaffi til uppáhellingar í kaffivel eldhússins, skjávarpi og hljóðkerfi til ræðuhalda og fyrir dinnertónlist sem og þráðlaus nettenging.

Hljóðkerfi fyrir danstónlist er ekki í húsinu.

Lyfta er í húsinu fyrir fólk með skerta hreyfigetu. Húsmóðir Hallveigarstaða eða staðgengill hennar hefur aðgang að lyftunni og aðstoðar við notkun hennar.

Dúkar eru lánaðir gegn greiðslu á þvottagjaldi skv. gildandi verðskrá.

Húsmóðir Hallveigarstaða eða staðgengill hennar er ætíð til staðar á leigutíma salarins og greitt skal skv. gildandi verðskrá. Ef gestir eru fleiri en 50 þurfa að vera 2 þjónustuaðilar í salnum.

Útleiga á sal er heimil mánudaga - fimmtudaga til kl. 23:00, sunnudaga til kl. 23:30 og föstudaga og laugardaga til kl. 01 eftir miðnætti. Gæta skal þess sérstaklega að hávaði berist ekki úr sal eða frá anddyri til nágranna Hallveigarstaða.

Leigjandi hverju sinni er ábyrgur fyrir umgengni og skemmdum sem kunna að verða á húsnæði og munum Hallveigarstaða af völdum gesta hans á því tímabili er hann hefur húsnæðið til umráða.

Ekki er heimilt að nota límband, kennaratyggjó eða álíka á gólf, vegg eða loft í salnum, hægt er að nota þar til gerðar línur til að hengja upp myndir eða skilaboð.

Reykingar eru einungis leyfðar fyrir utan útidyr Hallveigarstaða. Stubbahús er á vegg við útidyrnar.

Húsbúnað og aðra muni sem tilheyra eldhúsi og sal er óheimilt að fjarlægja eða fá að láni, þeir tilheyra Hallveigarstöðum og eiga ekki að fara út fyrir veislusalinn.

Í ljósi gefinnar reynslu undanfarinna ára er salurinn ekki leigður til veisluhalda á vegum nemendafélaga.

Vinsamlegast gangið snyrtilega um húsið.

19. september 2016. Stjórn Kvennaheimilisins Hallveigarstaða

Kvennaheimilið Hallveigarstaðir stofnað 1967, Túngötu 14, 101 Reykjavík
Framkvæmdastýra, sími 698-7204, netfang hallveigarstadir@gmail.com